

Mánudaginn 24. janúar 1983.

Nr. 50/1981. **Sigrún Jónsdóttir**

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Stefáni Jóhannssyni

(Ásmundur S. Jóhannsson hdl.).

Fjárskipti hjóna við lögskilnað. Umboð. Krafa um ógildingu fjárskipta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1981 og gerir þær kröfur, að skilnaðarskilmálar aðiljanna, sem í lögskilnaðarleyfi séu taldir hafa komist á, verði metnir óskuldbindandi og stefnda gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 20. febrúar 1981.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur sýnt með eftirfarandi athöfnum sínum, að hún hefur talið, að samkomulag um fjárskipti hafi komist á, en hún tók athugasemdalaust við greiðslu á 1 milljón gkr. samkvæmt samkomulaginu og fól lögmanni sínum að krefjast greiðslu á þeim eftirstöðvum, sem í gjalddaga voru fallnar. Samkomulagið er því bindandi fyrir áfrýjanda.

Að því er varðar þá málsástæðu áfrýjanda, að ógilda beri samkomulagið um fjárskiptin með stoð í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972, þá verður að telja ósannað samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, að samningurinn hafi verið bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma, sem til hans var stofnað.

Einnig er ósannað, að ógildingarástæður 32. gr. laga nr. 7/1936 og 7. gr. laga nr. 58/1960 eigi hér við.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 5.000.00 krónur.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, 5.000.00.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Stefán Jóhannsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Sigrúnar Jónsdóttur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 5.000.00 krónur. Allur gjafsóknarðkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dóminn ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 27. nóvember 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. nóvember sl., hefur Sigrún Jónsdóttir, Grænumýri 11, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 12. desember 1978, á hendur Stefáni Jóhannssyni, Hrísalundi 18 B, Akureyri.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að skilnaðarskilmálar þeir, sem taldir eru hafa komist á milli aðilja við lögskilnað þeirra varðandi búskiptin, verði með dómi metnir ógildir og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins með hliðsjón af framlögðum málskostnaðarreikningi.

Kröfur stefnda eru þær, að hafnað verði kröfu stefnanda um ógildingu á skilmálum um fjárskipti aðilja við lögskilnað þeirra 14. júlí 1978 og að stefnandi verði dæmd til greiðslu málskostnaðar.

Málsatvik eru þessi: Hinn 31. desember 1972 gengu aðiljar máls þessa í hjónaband. Hinn 6. júlí 1977 mættu aðiljar máls þessa báðir hjá fulltrúa bæjarfógetans á Akureyri og óskuðu eftir að fá leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Lýstu þau þar yfir, að samkomulag væri um skiptingu eigna og að eignaskiptum væri lokið, enn fremur var samkomulag um önnur skilnaðarkjör. Hinn sama dag gaf bæjarfógetinn á Akureyri út leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng fyrir hjónin með eftirtöldum skilmálum: "Konan fái forræði barna þeirra hjóna, þeirra Jóns Hólm, f. 11.05. 1972 og Gíslínu Mjallar, f. 03.09. 1975, og greiði maðurinn með þeim meðlag, eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma, frá útgáfu leyfisbréfs til fullnaðs 17 ára aldurs hvors þeirra. Maðurinn hefur umgengnisrétt við börnin eins og því verður við komið og börnunum er fyrir bestu. Maðurinn greiði konunni kr. 60.000 á mánuði í 12 mánuði frá útgáfu leyfisbréfs þessa. Eignaskiptum er lokið".

Hinn 3. júlí 1978 skrifaði Ragnar Steinbergsson hæstaréttarlögmaður svofellt bréf til skiptaráðandans á Akureyri:

„Hér með leyfi ég mér, hr. skiptaráðandi, að senda yður meðfylgjandi leyfi til skilnaðar að borði og sæng að beiðni hjónanna Stefáns Jóhannssonar og Sigrúnar Jónsdóttur, þá bæði til heimilis að Grænumýri 11, Akureyri. Í skilnaðarbréfinu, sem útféið er hinn 6. júlí 1977, er sagt, að eignaskiptum sé lokið. Sigrún Jónsdóttir hefur leitað til mín og telur, að mjög hafi verið á sig hallað við skiptin, þar sem maðurinn hafi ekki gefið sér upplýsingar um eignir búins. T. d. kveðst hún engar upplýsingar hafa fengið um íbúð, sem þau höfðu hafið smíði á við Heiðarlund hér í bæ, raðhúsaíbúð, sem maðurinn mun síðan hafa selt. Þá hafi hún ekki fengið í sinn hlut helming verðmætis bifreiðar, gamallar, sem þau áttu. Auk þess hefur maðurinn ekki staðið forsvaranlega í skilum með greiðslu meðlags með konunni, sem hann féllst á að greiða samkvæmt skilnaðarbréfinu. Samkvæmt því leyfi ég mér að fara þess á leit við yður, að félagsbúi hjónanna fyrrverandi verði skipt opinberum skiptum og maðurinn kallaður þegar í stað til skýrslugerðar í því skyni. Mér hefur ekki tekist að hafa upp á heimilisfangi hans, en hann mun vinna hjá Smjörlikisgerð Akureyrar h.f., Strandgötu 31, Akureyri. Sigrún Jónsdóttir mun mótmæla því, að leyfi verði gefið til lögskilnaðar, nema skipti hafi farið fram ”.

Hinn 5. júlí 1978 var framangreint bréf tekið fyrir í skiptarétti Akureyrar. Af hálfu stefnanda mætti þar Ragnar Steinbergsson hæstaréttarlögmaður, en stefndi mætti sjálfur og gaf eftirfarandi skýrslu. „Mættur Stefán er nú áminntur um sannsögli. Borið er nú undir mætta bréf lögmanns Sigrúnar, mætti segir, að er þau hjónin fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng, hafi þau átt fokhelda raðhúsaíbúð, Heiðarlund 6 D, Akureyri. Mætti segir, að það séu 3-4 mánuðir síðan hann seldi íbúðina Sigmari Eiríkssyni, Hvannavöllum 2, Akureyri. Íbúðin hafi þá enn verið í ástandinu fokheld og hafi söluverðið verið kr. 7.200.000. Kaupandi sé búinn að greiða mætta kr. 1.500.000 og sé það rétt, að Sigrún hafi ekkert fengið af þeim peningum. Næstu greiðslu kr. 1.000.000 hafi mætti átt að fá 1. júlí sl., sú greiðsla hafi enn ekki borist sér, en hann hafi ætlað Sigrúnu að fá þá greiðslu alla. Mætti segir banka hafa þessa kröfu til innheimtu. Mætti segir aðspurður, að bifreið, sem getið sé í bréfi, dskj. nr. 1, hafi hann selt fyrir skömmu og hafi hún selst fyrir kr. 100.000. Mætti lýsir því yfir, að hann telji rétt, að sú fjárhæð, sem Sigrún fái úr búi þeirra, verði kr. 2.500.000. Mættur leggur nú fram skjal, sem merkist nr. 3, með yfirliti um verðmæti eigna, þ. e. söluverð bifreiðar og íbúðar og lista yfir skuldir, eins og þær voru, er þau hjónin fengu skilnað að borði og sæng. Mætti segir ætlun sína, að Sigrún fái ca. kr. 700.000, þriðja hluta húsnæðismálastjórnarláns, sem væntanlegt sé á næstunni. Þá kveðst mætti ætla að greiða Sigrúnu kr.

300.000 í byrjun september n. k., sem sé greiðsla frá kaupmála húseignarinnar. Mætti Stefán kveðst reiðubúinn að greiða Sigrúnu þær kr. 500.000, sem þá séu eftir af hennar hluta, hinn 1. september 1979”.

Dskj. nr. 3 í skiptarétti Akureyrar, sem að framan er nefnt, er handskrifað blað óundirritað, þar sem virðast koma fram drög að skilnaðarskilmálum þeirra hjóna. Kemur þar fram, hvenær hjónaband þeirra var stofnað, hver börn þeirra séu og hver eigi að hafa forræði þeirra, enn fremur stendur þar eftirfarandi: „Heiðarlundur 6 D, kr. 7.200.000, bíll kr. 200.000, kr. 7.400.000. Sparisjóður Höfðhverfinga kr. 550.000. Útvegsbanki Akureyri kr. 175.000. Landsbanki Akureyri kr. 345.000. Jóhann Stefánsson kr. 500.000. Lífeyrissjóður sameining kr. 245.000. Veðdeild Landsbankans kr. 800.000”. Þá er tilgreind á skjalinu upphæðin kr. 1.450.000, án þess að séð verði, hvort þar er um að ræða eign eða skuld. Þá stendur á skjalinu eftirfarandi: „Fimm ára skuldabréf, afborganir fyrst 1979, 15. júlí ár hvert, 15% ársvextir 2.500.000”.

Frekari fyrirtekt máls þessa fór ekki fram í skiptarétti Akureyrar, en samkvæmt gögnum málsins varð samkomulag um það milli stefnda og Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns f. h. stefnanda, að skiptum skyldi lokið á þann hátt sem fram kemur í skýrslu stefnda, sem áður er rakin, þ. e. að stefnandi skyldi fá greiddar kr. 2.5 milljónir á þann hátt sem þar er rakið.

Hinn 7. júlí 1978 mætti stefndi hjá fulltrúa bæjarfógetans á Akureyri og krafðist lögskilnaðar. Lýsti stefndi því yfir, að hann væri samþykkur því, að ákvæði leyfisbréfs til skilnaðar að borði og sæng um forræði barna svo og meðlagsgreiðslur héldust. Þá lýsti hann því yfir, að samkomulag væri um eignaskipti.

Hinn 14. júlí s. á. mætti Ragnar Steinbergsson hæstaréttarlögmaður hjá sama fulltrúa fyrir hönd stefnanda, og voru honum kynntar kröfur stefnda, og er þá bókað eftir honum. „Mætti samþykkir skilnaðarkröfu mannsins með þeim skilmálum, sem felast í framanrituðum kröfum”. Ekkert frekar var bókað í þessu sambandi, og samkomulag aðilja um eignaskipti kemur ekki efnislega fram, en ágreiningslaust er, að það hafi verið í samræmi við áðurrakta bókun í skiptarétti Akureyrar. Sama dag, þ. e. 14. júlí 1978, var í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu gefið út leyfi til lögskilnaðar milli hjónanna.

Stefnandi byggir kröfu sína í fyrsta lagi á því, að lögmaður sá, er samningsgerðina annaðist af hálfu stefnanda, hafi eigi haft umboð til samningsgerðarinnar og sé samkomulagið af þeirri ástæðu ekki skuldbindandi fyrir stefnanda. Í öðru lagi eigi ógildingarástæður 32. gr. samningalaga og 7. gr. laga nr. 58/1960 hér við, enn fremur sé samningurinn ógildur á grundvelli 54. gr. laga nr. 60/1972. Sé samningurinn bersýnilega ósanngjarn

gagnvart stefnanda. Stefndi hafi lagt einhliða mat á eignir og skuldir búsins og ekki talið allar eignir fram. Þá hafi hann talið til skuldir, sem ekki sé staðfest, að hafi verið raunverulegar. Stefnandi hafi verið ófær um að gera sér grein fyrir efnahag búsins og þýðingu skiptanna sökum fáfræði um þessa hluti og vanþroska og þetta hafi stefndi notfært sér. Í þessu sambandi bendir stefnandi meðal annars á, að stefndi hafi ekki skýrt frá hlutabréfi, eign sinni í hlutafélaginu Kaldbaki h/f, kr. 60.000 að nafnverði, og verðbréfaeign, kr. 1.000.000 að nafnverði, sem fram komi á skattframtali hans fyrir árið 1978, sem lagt er fram í málinu. Þá telji hún, að söluverð íbúðar þeirra hjóna sé óeðlilega lágt, en stefndi hafi einn ákveðið söluna og stefnandi þar hvergi nærri komið, eigi hún því ekki að bera skaðann af því, að íbúðin var seld lægra verði en eðlilegt var. Þá hefur stefnandi haldið því fram, að meta hefði átt upp skuldir búsins, sem stefnandi tók að sér að greiða, til staðgreiðsluvirðis við skipti á búinu.

Stefndi mótmælir því, að samkomulagið sé óskuldbindandi fyrir stefnanda vegna umboðsskorts lögmanns hennar. Lögmaðurinn hafi mætt fyrir hennar hönd, bæði fyrir skiptarétti svo og fyrir yfirvaldi í skilnaðarmáli þeirra hjóna, með fullt málflutningsumboð og hljóti lögmennt við gerninga sem þessa að teljast hafa fullt umboð til að gera þá samninga, sem nauðsynlegir eru, stöðu sinni samkvæmt. Þá er á það bent, að lögmaðurinn hafi haft fullt samráð við stefnanda og föður hennar um gerð samkomulagsins.

Þá mótmælir stefndi því, að fyrir hendi séu þær ógildingarástæður, er stefnandi telur upp. Samkomulag það, sem gert var, sé á engan hátt stefnanda í óhag, eignir og skuldir við skilnað að borði og sæng hafi verið:

Skuldir:

1. Skuld við Landsbanka Íslands	kr. 350.000
2. Skuld við Lífeyrissj. sjómanna	kr. 900.000
3. Skuld við veðdeild Landsbanka Íslands	kr. 1.600.000
4. Skuld við Sparisj. Höfðhverfinga	kr. 810.000
5. Skuld við Útvegsbanka Íslands	kr. 125.000
6. Skuld við Lífeyrissj. Sameiningu	kr. 255.000
7. Skuld við Jóhann Stefánsson	kr. 700.000
8. Skuld við Fagntækni h/f	kr. 551.358
	<hr/>
Samtals	kr. 5.291,358

Eignir:

1. Heiðarlundur 6 D	kr. 7.300.000
2. Bíll, raunverð	kr. 100.000
3. Útistandandi skuldir	kr. 1.477.063
4. Hlutabréf	kr. 60.000
	<hr/>
Samtals	kr. 8.937.063

Samkvæmt þessu hafi eignir umfram skuldir numið kr. 3.645.705, eða kr. 1.822.853 í hlut hvorts hjóna, þannig að stefnandi hafi fengið kr. 677.147 í sinn hlut umfram búshelming sinn. Kröfur stefnanda fái því ekki staðist, eignirnar séu færðar upp á sannvirði, skjöl hafi verið færð fram yfir skuldirnar, þá hafi stefndi að fullu staðið skil á þeirri greiðslu, sem hann hafi lofað að greiða stefnanda, þ. e. kr. 2.500.000.

Eins og að framan er rakið, voru efnisákvæði samkomulags þess, er mál þetta snýst um, bókuð í skiptarétti Akureyrar þann 5. júlí 1980. Þann 7. júlí 1978 lýsti stefndi því yfir fyrir valdsmanni við fyrirtöku á skilnaðarmáli aðilja, að samkomulag væri komið á um eignaskiptin, og hinn 14. júlí s. á. staðfesti lögmaður stefnanda, Ragnar Steinbergsson hæstaréttarlögmaður, fyrir sama valdsmanni, að svo væri. Ragnar Steinbergsson hefur hér fyrir dómi borið vitni og skýrir svo frá, að hann hafi tekið að sér að afla nákvæmra upplýsinga fyrir stefnanda um, hverjar eignir og skuldir bús hennar og fyrrverandi manns hefðu verið, er þau skildu að borði og sæng. Ástæðan hafi verið sú, að stefnandi hafi talið sig vanta eignarhluta í íbúð við Heiðarlund. En fyrir dyrum hafi staðið lögskilnaður þeirra hjóna að beiðni mannsins. Kveðst vitnið hafa kannað þessi mál og fengið upplýsingar hjá stefnda, hafi hann skýrt stefnanda frá niðurstöðu sinni, en einkum hafi hann þó rætt þessi mál við föður hennar, Jón Sigfússon, og hafi hann nokkrum sinnum komið á heimili hans í þessu skyni. Kveðst hann hafa gengið frá samkomulagi um eignaskiptin við stefnda í fullu samráði við stefndu (sic) og föður hennar, það er að hún fengi 2.500.000 úr búinu. Kveðst vitnið minnst þess, að Jóni, föður stefnanda, hafi þótt hlutur hennar í minnsta lagi, en þó fallist á samkomulagið. Segir vitnið, að sér vitanlega hafi engrar óánægju orðið vart frá stefnanda með samkomulagið, fyrr en vanskil urðu á greiðslu af hálfu stefnda.

Stefnandi skýrir svo frá hér fyrir dómi, að hún hafi leitað til Ragnars Steinbergssonar hæstaréttarlögmanns og beðið hann að aðstoða sig við búskiptin. Kveðst hún enga vitneskju hafa fengið um niðurstöðu af störfum Ragnars Steinbergssonar, hann hafi ekki skýrt sér frá henni og ekki verið borið undir sig neitt samkomulag um eignaskipti. Hún kannast þó við að hafa fengið greiddar kr. 1.000.000 frá Ragnari Steinbergssyni, en neitar að hafa veitt honum heimild til að ganga frá samningi um eignaskipti. Hún kveðst hafa heimilað honum að undirrita samþykki um lögskilnað.

Framburður stefnanda um málsatvik var mjög óljós, og meðal annars fékkst hún ekki til eða gat ekki tjáð sig um það, hvenær henni barst vitneskja um efni samkomulagsins. Báru yfirheyrslur ekki frekari árangur en að framan greinir.

Að framangreindu athuguðu þykir mega við það miða, að Ragnar Steinbergsson hafi kynnt stefnanda efni samkomulagsins, áður en hann mætti

fyrir hennar hönd fyrir valdsmanni í skilnaðarmálinu þann 14. júní 1978, en stefnandi hefur berum orðum viðurkennt að hafa veitt Ragnari Steinbergssyni heimild til að undirrita samþykki um lögskilnað. Eins og máli þessu er háttað, verður því að lita svo á, að með því hafi hún fallist á þá skilmála, sem fyrir lágu og nauðsynlegt var að ganga frá, til að leyfi til skilnaðar yrði veitt, en þar á meðal var samkomulag um skipti búsin.

Krafa stefnanda verður því samkvæmt framansögðu eigi reist á umboðs-skorti lögmanns stefnanda. Ekki er ágreiningur um, hvers efnis umrætt samkomulag var.

Stefndi skýrir svo frá hér fyrir dómi, að ekki hafi verið gengið formlega frá skiptum á íbúð að Heiðarlundi 6 D, Akureyri, heldur hafi verið gert uppkast að samningi um skiptin. Segir hann, að þau stefndi og stefnandi hafi ætlað að skipta eign þessari strax eftir skilnað að borði og sæng, en fyrir lögskilnað, en það hafi ekki verið hægt, vegna þess að stefnandi hafi verið andvíg því, að gengið yrði frá þessum skiptum. Kveðst hann ekki vita, hvers vegna stefnandi var andvíg skiptunum. Kveðst stefndi hafa fengið í sinn hlut bifreiðina A 4864, Cortina, árgerð 1970, eftir skilnað að borði og sæng, en fyrir lögskilnað. Hann tekur fram, að í ljós hafi komið, að bifreið þessi hafi reynst ónýtt. Hann staðfesti að hafa lýst því yfir fyrir skiptarétti Akureyrar hinn 5. júlí 1978, að hann skyldi greiða stefnanda þá fjárhæð, sem hann taldi sig skulda henni, á næstu 15 mánuðum með nánar tilgreindum hætti, og vísar í því sambandi til skýrslu sinnar fyrir skiptarétti, sem áður er rakin.

Varðandi mat eignanna í búinu segir stefndi, að íbúðin að Heiðarlundi 6 D hafi verið seld á eðlilegu verði miðað við sölutíma og skiptin hafi verið í samræmi við það. Segir hann það álit sitt, að stefnandi hafi ekki verið hlunnfarin í skiptum þessum.

Skuldalisti sá, sem að framan er rakinn með rökstuðningi stefnda, var borinn undir stefnda, og kvað hann skuldirnar þar tæmandi taldar, en gat þess, að skuld við Jóhann Stefánsson væri vantalín um kr. 270.000.

Varðandi verðið, sem fékkst fyrir íbúðina að Heiðarlundi 6 D, segir stefndi, að miðað hafi verið við íbúð, sem Fagttækni s/f var að byggja á þessum tíma í Heiðarlundi, en það hafi verið sambærileg íbúð, sem hafi verið seld á kr 6.900.000. Þá kveður stefndi eignirannar, eins og þær eru fram settar í rökstuðningi hans að framan, vera á raunverulegu verði, þó séu hlutabréf í tölulíð 4 í eignarlið metin á nafnverði. Segir hann hlutabréf þessi hafi í upphafi verið kr. 15.000, en þau séu komin í kr. 60.000 með jöfnunarhlutabréfum.

Yfirheyrsla yfir stefnanda um efnahag búsin og efni sammingsins bar ekki árangur, eins og áður er rakið.

Vitnið Sigmar Viðar Eiríksson staðfesti að hafa keypt íbúðina að Heiðar-

lundi 6 D af stefnda. Hafi kaupin upphaflega farið fram þann 21. október 1977 og þá gert bráðabirgðasamkomulag um kaup á íbúðinni milli sín og stefnda, en þá hafi hugmynd sín verið að kaupa sjálfur íbúðina. Hafi þá fyrsta greiðsla, kr. 1.530.000, verið ynn af hendi. Segir vitnið, að við ákvörðun verðs hafi verið höfð hliðsjón af verði íbúða, sem hann hafi selt á svipuðum tíma á vegum fyrirtækis síns, Fagtækni s/f.

Samkvæmt kaupsamningi, sem fram er lagður í málinu, seldi stefndi Fagtækni s/f framangreinda íbúð þann 16. mars 1978 fyrir samtals kr. 7.300.000. Í samningi þessum er tekið fram, að bráðabirgðasamkomulag um kaup á íbúð þessari milli seljanda og Sigmars Eiríkssonar, dags. 21. október 1977, falli úr gildi, um leið og kaupsamningur þessi sé undirritaður.

Vitnið segir, að efni bráðabirgðakaupsamningsins hafi verið áþekkt þessum samningi að mestu leyti. Verðið hafi verið ákveðið aðeins lægra, eða um kr. 7.000.000, að því er vitnið minnir. Hins vegar hafi verið gert ráð fyrir vaxtagreiðslum á eftirstöðvar og hafi þetta verið reiknað upp, þegar samningurinn 16. mars 1978 var gerður. Þannig hafi fengist út verðið 7.300.000. Vitnið kveðst síðan hafa selt umrædda íbúð Einari Guðmundssyni.

Samkvæmt kaupsamningi, sem lagður var fram í málinu, fór sú sala fram þann 5. október 1978, og var kaupverð þá ákveðið kr. 10.000.000.

Segir vitnið, að til viðbótar því ástandi, sem íbúðin var í, er hún var keypt, hafi verið búið að einangra hana og leggja rafmagnslögn og draga í fyrir vinnuljósum og setja upp bráðabirgðaraftöflu. Giskar vitnið á, að kostnaður við þessar framkvæmdir hafi numið kr. 500.000.

Vitnið Einar Guðmundsson hefur hér fyrir dómi staðfest að hafa keypt umrædda íbúð af Fagtækni s/f í október 1978 fyrir kr. 10.000.000. Segir vitnið, að íbúðin hafi verið einangruð að hálfu leyti, en ekki hafi verið komin raflögn í húsið fyrir utan lagnir í steypa vegg.

Eins og að framan er rakið, hefur kaupsamningur stefnda við Fagtækni s/f verið lagður fram í málinu, þá hafa verið lögð fram afrit af skattframtölum stefnda fyrir árin 1978 og 1979. Kemur þar fram, að stefndi telur til eignar kr. 60.000 í hlutabréfum í Kaldbaki h/f og kr. 1.000.000 í verðbréfum í árslok 1978. Á sama skattframtali eru skuldir stefnda taldar samtals kr. 3.669.000.

Stefndi hefur lagt fram í málinu afrit af skuldabréfum og staðfestingu skulda við eigendur eftirtalinna skulda: skuld við Landsbanka Íslands, upphaflega kr. 400.000, skuld við Lífeyrissjóð sjómanna, upphaflega kr. 900.000, skuld við veðdeild Landsbanka Íslands kr. 1.600.000 og skuld við Sparisjóð Höfðhverfinga kr. 810.000. Að öðru leyti vísar stefndi til framangreindrar skattskýrslu um staðfestingu á skuldum sínum.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að reikna hefði átt skuld-

ir búsin til „staðgreiðsluverðs“, sem sé lægra en nafnverð þeirra. Ekki verður á það sjónarmið fallist, enda ekkert fram komið, sem bendi til þess, að tók væru á að greiða skuldirnar eða hluta þeirra með lægri fjárhæðum en nafnverði þeirra nam.

Í málinu hafa ekki verið lögð fram gögn um aðrar eignir búsin en að framan greinir, svo sem innanstokksmuni, búshöld og því um líkt, og ekki er fram komið, hvernig skiptum slíkra muna var háttað.

Verður af gögnum málsins ekki nákvæmlega séð, hverjar raunverulegar eignir og skuldir búsin voru, þegar aðiljar skildu að borði og sæng, og af þeim verður eigi talið fram komið, að stefnandi hafi borið það skarðan hlut frá borði við búskipti þeirra hjóna, að ógildingu varði samkvæmt þeim lagagreinum, sem stefnandi vísar til, en eins og fram er komið, gætti Ragnar Seinbergsson hæstaréttarlögmaður hagsmuna stefnanda við samningsgerðina, og hér fyrir dómi hefur hann borið, að honum hafi verið kunnugt um kaupsamning stefnda við Sigmar Eiríksson og að hann telji, að skuldir stefnda hafi verið sannreyndar nema skuld við föður hans, kr. 500.000, og hafi niðurstaða samkomulagsins verið sanngjörn að sínu mati.

Er niðurstaða dómsins þá sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Stefán Jóhannsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigrúnar Jónsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 26. janúar 1983.

Nr. 186/1980. **Einar Flygenring og
Sigurður Flygenring**

(Ólafur Þorláksson hrl.)

gegn

Óla Matthíasi Einarssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Stefnubirting. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.